

45
26. maí

L Ö G

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Mótórvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskreytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægir, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjan og Kvenfélagsins Hrönn er heimilt að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

Einnig er Trésmiðafélagi Reykjavíkur heimilt að taka þakhæð hússins nr. 8 við Laufásveg í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

46
29. apríl

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og sambandsríkisins Malaya
um afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 15. og 16. apríl 1959, hafa sendiráð Íslands og sendiráð sambandsríkisins Malaya í London gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja til hins, enda séu ekki um launaða atvinnu eða lengri dvöl en þriggja mánaða að ræða.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. apríl 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.